

Ár 2010, mánudaginn 15. mars 2010, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 1/2010

Handknattleiksdeild UMFA vegna félagsskiptabeiðni leikmanns úr ÍR yfir í Aftureldingu.

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta var þingfest þann 11. mars 2010 og dómtekið sama dag.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 9. mars 2010. móttakin þann 09.03 2010 kl. 16:09 af HSÍ.

Skv. efni kærunnar kærir Afturelding, handknattleiksdeild, niðurstöðu skrifstofu HSÍ á félagsskiptabeiðni fyrir Þorlák Sigurjónsson sem afgreidd var frá skrifstofu HSÍ 8. mars 2010 þar sem beiðni um félagsskipti leikmannsins frá ÍR til Aftureldingar er hafnað. Bréf HSÍ var sent Aftureldingu með tölvupósti þann 8. mars 2010 kl. 17:53.

Í kærinni er byggt á því að Afturelding hafi sent inn félagsskiptabeiðni fyrir ósammingsbundinn leikmann um hádegisbil sunnudaginn 31.01.10, sem var síðasti dagur sem félagsskiptaglugginn var opin. Skv. framlögðum gögnum leitaði HSÍ eftir samþykki ÍR á félagsskiptunum þegar í kjölfarið, en svar ÍR þann sama dag sent með tölvupósti var þannig:

Nei, við samþykkjum þessi félagsskipti ekki.

Enginn frekari rökstuðningur fylgdi svari ÍR.

Með tölvupósti dags. 20.02.10 samþykkti ÍR félagsskipti leikmannsins.

Túlkun HSÍ á reglum um félagsskipti leikmanna byggir á því að samþykki fyrir félagsskiptum ÍR hafi komið fram eftir að félagsskiptaglugginn lokaði á miðnætti þann 01.02.10.

Eftir að málið var þingfest óskaði dómari málsins eftir greinargerðum frá ÍR og HSÍ vegna málsins. ÍR taldi ekki ástæðu til að senda inn sérstaka greinargerð, enda hefur ÍR samþykkt félagsskiptin. ÍR svaraði erindi dómarans með tölvupósti sem er eftirfarandi:

Stjórn handknattleiksdeildar ÍR gerir í raun ekki athugasemdir við hvort Þorlákur spili með Aftureldingu, en að sjálfsögðu er honum velkomið að spila með ÍR. Það voru aðrar ástæður fyrir því að ákvörðun var tekin um að skrifa ekki undir skiptin og það er leitt ef það kemur niður á leikmanninum. Ástæðurnar eru þær að ÍR hafði rökstuddan grun um að þjálfari Aftureldingar hefði

fengið leikmanninn yfir með mjög óheiðarlegum aðferðum. Með því að nálgast hann í gegnum kennslu í FB. Að mati ÍR brýtur það gróflega gegn öllum siðareglum íþróttarinnar að þjálfarar nýti sér slíka aðstöðu.

Sú ákvörðun að skrifa ekki undir félagsskiptin var því táknað ákvörðun um að samþykka ekki þessa aðferðarfræði þjálfarans, en í raun ekki yfirlýsing um að leikmaðurinn mætti ekki spila með öðru félagi.

*kveðja
Bjarki Þór Sveinsson hdl.*

HSÍ sendi dómnum bréf með tölvupósti þann 14.03.10 þar sem málsatvik voru rakin og á hvaða forsendum ákvörðun HSÍ byggðist.

Í ljósi atvika telur dómari ekki ástæðu til að flytja málið munnlega, og byggir niðurstöðu sína á framlögðum gögnum.

Niðurstaða:

Mál þetta snýst um túlkun 53. greinar laga HSÍ um félagsskipti og reglugerð HSÍ um félagsskipti.

Leikmaður sá sem mál þetta snýst um er ekki samningsbundinn, hvorki með A eða B leikmannasamning.

Eðlismunur liggur í því hvort leikmenn eru samningsbundnir eða ekki.

Í 53. grein laga HSÍ segir að leikmönnum skuli heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki. Sama ákvæði er í reglugerð HSÍ um félagsskipti, grein 3.1.5. Í grein 3.1.6. segir að beiðnir um félagsskipti skuli berast skriflega og beri HSÍ að tilkynna því félagi sem gengið er úr um framkomna beiðni. Hafi það félag ekki svarað innan 30 daga teljist félagsskiptin lögleg.

Við mat á 53. grein laga HSÍ telur dómstóll HSÍ að líta beri til atvika máls. Um sé að ræða ósamningsbundinn leikmann sem sendi inn félagsskiptabeiðni lokadag félagsskiptagluggans. Er þá tekið til skoðunar hvort samþykki þess félags sem gengið er úr, þurfi til, svo félagsskipti teljist lögleg.

Í 53. grein laga HSÍ segir að leikmönnum skuli heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Ákvæði þetta er afdráttarlaust, og telur

dómurinn að ekki sé hægt að túlka ákvæðið þröngt, þannig að önnur atriði eins og samþykki þess félags sem gengið er úr þurfi til að koma, til að hindra félagsskiptin. Ákvæði reglugerðarinnar varðandi 30 daga svarrétt getur ekki gengið framar skýlausu ákvæði 53. greinar laga HSÍ þess efnis að leikmönnum skuli heimilt að skipta um lið sé um ósamningsbuninn leikmann að ræða.

Þá telur dómurinn það skipta máli að ÍR svarar beiðni HSÍ fyrir lok dags þann 31.01.10 varðandi félagsskiptin, á þann hátt að þeim er hafnað, án frekari raka. Þann 20.02.10 samþykkir ÍR félagsskiptin. Beiðni um félagsskiptin voru því komin til vitundar ÍR fyrir lok félagsskiptagluggans. Svar ÍR eftir að málið kom til kasta dómstóls HSÍ felur í sér að ekki hafi verið ætlun ÍR að koma í veg fyrir að leikmaðurinn spilaði með öðru félagi.

Þá er það er mat dómsins til stuðnings niðurstöðun hans, að þar sem beiðni um félagsskiptin hafi verið lögð fram áður en félagsskiptaglugginn lokaði, og að ÍR svaraði beiðni HSÍ um staðfestingu félagsskipta innan þess tíma sem glugginn lokaði, án efnislegra raka fyrir neitun, og formlegs samþykkis þann 20.02.10, að HSÍ beri að staðfesta félagsskipti Þorláks Sigurjónssonar yfir í Aftureldingu. Í tilviki því sem hér er til úrlausnar stendur skýlaust ákvæði 53. greinar laga HSÍ framar grein 3.1.6. í reglugerð HSÍ um félagsskipti varðandi 30 daga svarrétt þess félags sem gengið er úr. Er ákvæði þetta í reglugerðinni til þess fallið að hindra eðlileg félagsskipti ósamningsbundinna leikmanna og ber því að líta fram hjá ákvæði þessu við úrlausn málsins og heimila félagsskipti leikmannsins.

DÓMSORÐ:

HSÍ ber að staðfesta félagsskipti Þorláks Sigurjónssonar úr ÍR í Aftureldingu með vísan til félagsskiptabeiðni dags. 31.01 2010.

sign

Smári Hilmarsson